

FORVARNARÁÆTLUN

Ljósmyndaskólinn leggur áherslu á heilbrigða lífshætti í starfsemi sinni.

Forvarnir taka til margra þátta daglegs lífs, m.a. forvarna gegn neyslu á vímuefnum og einelti. Í náminu og skólastarfi öllu er áhersla lögð á að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Kappkostað er að veita nemendum þjálfun í að taka þátt í gagnrýnni og uppbyggilegri umræðu og að efla þannig sjálfsmynd nemenda og vitund þeirra um eigin hugmyndir og ætlanir með listsköpun. Fer þessi þjálfun og fræðsla fram við verklega og fræðilega kennslu í áföngum náms. Einnig í gegnum námskeið og hverskonar vinnu námsráðgjafa með nemendum. Markmið Ljósmyndaskólans er alltaf:

- að auka vellíðan nemenda
- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda
- að efla alhliða þroska nemenda og vitund þeirra um ábyrgð á eigin lífi
- að nemendur átti sig á hvaða grunnfærni er mikilvæg til að ná velgengni í lífinu
- að nemendur geti aðlagast mismunandi aðstæðum og mætt þeim á jákvæðan hátt
- að bæta samskipti og takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.

Ljósmyndaskólinn er vímuefnalaus skóli. Neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er ekki leyfð í skólanum.